

Af tuskum



Pétur Pétursson

FORYSTA LÆKNASAMTAKANNA auglýsti nýverið siðferðisstyrk sinn og dómgreind fyrir alþjóð og umheiminum með því að reka ritstjóra Læknablaðsins eftir 12 ára glæsilegan feril. Mun það hafa verið gert að boði athafnaskálds nokkurs, sem forðum tíð öðlaðist íslenskt lækningaleyfi með afbrigðum gegn drengskaparyfirlýsingu um að vinna af sér þriggja mánaða héraðsskyldu sína í fyllingu tímans. Ekki fer frekari sögum af þeirri fyllingu. Nokkrir samstarfsaðilar umrædds athafnaskálds höfðu áður sagt af sér sem ritnefndarmenn vegna ágreinings við hinn brottrekna ritstjóra, en nú hafa sumir þeirra verið kallaðir aftur til starfa við Læknablaðið, þannig að enginn þarf að fara í graf-götur um afstöðu forystu læknafélaganna í deilum þessum, eftir að hún hafði tekið við fyrirmælum og hótunum frá lögmanni Kára Stefánssonar í máli þessu. Það hafði komið fram í leiðurum blaðsins, að það var sérstakt áhugamál hins burtflæmda ritstjóra að Læknablaðið markaði sér þá stefnu, að gerð væri grein fyrir öllum hagsmunatengslum vísindamanna og greinahöfunda blaðsins við fyrirtæki á samkeppnismarkaði. Eitthvað munu þær hugmyndir hans hafa fengið misjafnar undirtektir, þótt nú til dags leggi öll metnaðarfull læknatímárit mikla áherzlu á að draga slíkt upp á borðið og jafnframt að varðveita sjálfstæði ritstjórnanna gagnvart stórfyrirtækjum í heilsutengdum greinum (1-2).

Ekki get ég annað sagt en að stjórnarmenn LÍ og LR hafi komið mér nokkuð á óvart með undirlægjuhætti sínum og skammsýni og hefur maður þó ýmsu kynnst úr þeirri átt hér áður fyrr. Fyrir tæpum áratug yfirgaf ég þessi samtök, þar sem þau virtust leggja meiri áherzlu á að gæta stundarhagsmuna fjáraflamanna úr læknastétt en að stuðla að endurbótum á heilbrigðiskerfinu, notendum þess til hagsbóta. Hefur mér vegnað ágætlega utan

þessa félagsskapar og einskis farið á mis. Hef aukinheldur hvað eftir annað verið kallaður til viðvika fyrir læknafélögin. Ég hef hins vegar hingað til haldið tryggð við Læknablaðið og greitt áskriftargjöld þess, enda þótt blaðið hafi verið aðgengilegt á netinu. Af þeim sökum er ég hneykslaður á fyrrgreindum ákvörðunum, sem hafa munu afar skaðleg áhrif á trúverðugleika blaðsins og valda Íslendingum álitshnekki í hinu alþjóðlega vísindasamfélagi.

Hér er um mjög afgerandi stefnubreytingu að ræða hjá stjórn Læknafélags Íslands, sem á undanförunum árum hefur unnið ótulllega að því að styrkja vísindasiðferði meðal íslenskra lækna og í flestum tilfellum staðið af sér ásókn gróðaaflla. Formaður félagsins hefur oft tekið einarða afstöðu gegn mútuþægni stéttarinnar í samskiptum við lyfjaiðnaðinn. Þessi nýtilkomna undanlátssemi stjórnarinnar við Kára Stefánsson og sú aðferð, sem stjórnin velur til að þakka Vilhjálmi Rafnssyni ritstjórnarstörfin, verður því að teljast stórfrétt og stéttinni allri til skammar.

Kjarni þessa máls er sá, að forysta læknasamtakanna hefur brugðist Læknablaðinu, lesendum þess og óháðu vísindastarfi íslenskra lækna. Heiður blaðsins sem trúverðugs fræðitímarits hefur verið traðkaður í svaðið með því að taka við boðum frá samkeppnisfyrirtæki, sem er að hasla sér völl í lyfjageiranum. Sá flekkaði skjöldur verður ekki fægður af ritstjórnarmönnum, sem eiga áframhaldandi vísindaframa sinn undir duttlungum forstjóra deCode Genetics. Af þeim sökum kýs ég að segja upp áskrift minni að blaðinu.

Heimildir

1. www.wame.org/wamestmt.htm
2. www.icmje.org

Höfundur er læknir á Akureyri.